

Nokkur orð um Lýsías

Mikilvægi hins talaða orðs í Grikklandi til forna verður seint ofmetið. Forngríkkir virðast ætíð hafa metið orðsnilld mikils enda eru merki þess í elstu bókmenntum þeirra, kviðum Hómers. Þar er því lýst hvernig mál hafi flotið af tungu Nestors hunangi sætara og er Ódyseifur einnig lofaður fyrir mælsku sína.¹ Í Aþenu klassíska tímans, þ.e. 5. og 4. öld f.o.t., var hverjum manni brýnt sem aldrei fyrr að geta komið fyrir sig orði. Engir fjölmiðlar voru til. Frami og áhrif í stjórnmálum voru undir því komin að maður gæti tekið til máls og réttarkerfið byggðist á því að hver og einn verði sig sjálfur í eigin persónu. Því varð fljótt eftirspurn eftir kennslu í mælskulist, sem varð til sem sérstök listgrein meðal Grikkja um miðja 5. öld f.o.t. Kórax frá Sýrakúsu á Sikiley og nemandi hans Teisías eru taldir frumkvöðlar hennar en um þá er flest á huldu. Allt frá síðari hluta 5. aldar buðu fræðarar (eða sófistar) kennslu í mælskulist en frægastir þeirra voru Prótagóras frá Abderu (um 490–420 f.o.t.) og Gorgías frá Lentínoí (um 483–385 f.o.t.). Einnig komu fram ræðuhöfundar (λογογράφοι) sem sömdu ræður fyrir aðra gegn greiðslu. Þótt slíkt nyti ekki mikillar virðingar kunnu Aþeningar eigi að síður vel að meta góða ræðu. Ekki leið á löngu áður en snjallir ræðuhöfundar létu dreifa eintökum af ræðum sínum eftir að þær höfðu verið fluttar. Fyrir vikið varð grísk *retórik* í einhverjum skilningi að bókmenntagrein. Meðal vinsælustu ræðuhöfunda í Aþenu var Lýsías.

Ekki er með vissu vitað hvenær Lýsías fæddist. Plútarkos, sem var að störfum u.þ.b. fimm öldum eftir að Lýsías lést, fræðir okkur um

1 Sjá t.d. *Il.* 1.249 og 3.221–23.

að hann hafi verið á lífi 459/8–380 f.o.t. en sennilega er rangt með fæðingarár hans farið. Fræðimenn telja nú að Lýsías hafi ekki fæðst fyrr en um 445 f.o.t. Hann var ættaður frá Sýrakúsu á Sikiley en Kefalos, faðir hans, flutti með fjölskylduna til Aþenu að boði Períklesar. Frá þessu greinir Lýsías sjálfur í 12. ræðu sinni, sem ber titilinn *Gegn Eratosþenesi*.² Í Aþenu rak Kefalos verksmiðju sem framleiddi skildi og varð maður auðugur. Honum og sonum hans – Evþýdemosi, Lýsíasi og Pólemarkosi – bregður fyrir í *Ríkinu* eftir Platon en ólíkt Pólemarkosi og Kefalosi eru Lýsías og Evþýdemos þöglir áheyrendur samræðunnar.³

Þeir Kefalosarsynir fluttu síðar til Þuríoí á Suður-Ítalíu, sennilega skömmu eftir að Pelópsskagastríðið braust út árið 431 f.o.t. Þar mun Lýsías hafa numið mælskulist hjá Teisíasi. Eftir ófarir Aþeninga í Sikileyjarleiðangrinum á árunum 415–413 f.o.t. hrökkluðust þeir bræður burt frá Suður-Ítalíu og voru árið 412 f.o.t. komnir aftur til Aþenu.

Óljóst er hvenær Lýsías hóf feril sinn sem ræðuhöfundur. Lýsíasar er enn getið í annarri samræðu Platons sem ber heitið *Fædros*.⁴ Hann virðist þá þegar vera orðinn frægur fyrir ræður sínar en í samræðunni er höfð eftir honum fremur ómerkileg ræða um að ungur maður ætti heldur að láta undan vilja elskhuga sem er ekki ástfanginn fremur en elskhuga sem er ástfanginn af honum. Sögutími samræðunnar er óljós, ef til vill af ásettu ráði, en virðist vera einhvern tíma skömmu eftir 412 f.o.t. Lýsías er sagður ungur maður og kominn aftur til Aþenu frá Suður-Ítalíu og Pólemarkos bróðir hans er enn á lífi. Eftir að Aþena hafði tapað Pelópsskagastríðinu fyrir Spórtu árið 404 f.o.t. komst á ógnarstjórn þrjátíu menninganna svonefndu. Þrjátíu menningarnir ofsóttu þá sem þeir töldu sér óvillhalla en þörfnuðust líka fjár til að viðhalda spartversku hersetuliði og urðu auðugir útlendingar í Aþenu sérstaklega fyrir barðinu á þeim. Lýsías og Pólemarkos voru teknir höndum, eignir þeirra voru gerðar

2 Röð ræðnanna er hvorki aldur Röð né frá höfundi komin, heldur byggist hefðin á handritageymdinni. Um varðveislu textans má lesa í formála Christophers Carey að fræðilegri útgáfu hans, *Lysiae Orationes cum Fragmentis*, Oxford: Clarendon Press, 2007, bls. v–xli.

3 *Ríkið* kom út í íslenskri þýðingu Eyjólfis Kjalars Emilssonar hjá Hinu íslenska bókmenntafélagi árið 1991.

4 *Fædros* kom út í íslenskri þýðingu Eyjólfis Kjalars Emilssonar hjá Hinu íslenska bókmenntafélagi árið 2019.

upptækar og Pólemarkos tekinn af lífi en Lýsías komst undan við illan leik. Téð ræða Lýsíasar gegn Eratosþenesi er ákæruræða vegna þessa atburðar, sem hann kann að hafa flutt sjálfur eftir að lýðræði komst aftur á í Aþenu árið 403 f.o.t. Fræðimenn telja reyndar líklegast að um það leyti hafi höfundarferill Lýsíasar hafist, hvað svo sem sögutíma *Fædrosar* líður.

Fornar heimildir herma að 425 ræður hafi verið eignaðar Lýsíasi en 233 þeirra hafi raunverulega verið eftir Lýsías.⁵ Í handritum eru 22 ræður varðveittar í heild og heilleg brot úr níu til viðbótar. Enn fremur eru heilleg brot varðveitt úr þremur ræðum í ritum Díónýsíosar frá Halikarnassos auk ræðunnar sem Platon eignar Lýsíasi í samræðu sinni *Fædrosi*. Að lokum eru svo að minnsta kosti á annað hundrað minni brot og titlar. Þónokkur vafi leikur á að ræðan sem Platon eignar Lýsíasi í *Fædrosi* sé í raun ræða eftir hann. Einnig leikur vafi á nokkrum af hinum ræðunum 34 en fræðimenn telja nú að flestar þeirra kunni að vera ósviknar. Illa hefur gengið að sýna fram á með óyggjandi hætti hverjar þeirra eru réttilega og hverjar ranglega eignaðar Lýsíasi.⁶

Hvort sem tiltekin ræða er eða er ekki réttilega eignuð Lýsíasi (eða öðrum ræðuhöfundi) er ljóst að heimildagildi þessara texta er ómetanlegt. Ræðurnar eru í senn heimildir um réttarfar, pólitísk átök og daglegt líf auk þess að vera mikilvægar málheimildir. Þær eru gluggi inn í gríska menningu 5. og 4. aldar f.o.t.

Fornmenn skiptu ræðum gjarnan í þrjá flokka: Í fyrsta lagi voru það pólitískar ræður fluttar á þjóðfundinum (ἐκκλησία); í öðru lagi réttarræður fluttar fyrir dómstólum (δικαστήριον); og í þriðja lagi sýningarræður og aðrar tækifærissræður. Flestar ræður í varðveittu ritsafni Lýsíasar eru réttarræður en margar þeirra eru jafnframt rammpólitískar, eins og til dæmis 12. ræðan, *Gegn Eratosþenesi*.

Ræðan sem hér er þýdd, sú fyrsta í ritsafni hans, *Um morðið á Eratosþenesi*, er ein þeirra sem flutt var frammi fyrir dómstól. Ástæðulaust þykir að efast um að ræðan sé réttilega eignuð Lýsíasi. Ekki er vitað hvenær þessi réttarhöld voru haldin eða hvernig þeim lyktaði.

5 [Plut.] *Vit. Lys.* 836a. Um ritsafn Lýsíasar, sjá K. J. Dover, *Lysias and the Corpus Lysiacum*, Berkeley og Los Angeles: University of California Press, 1968.

6 Dover, *Lysias and the Corpus Lysiacum*, bls. 152, taldi mögulegt að margar ræðurnar hafi verið samdar af Lýsíasi í samvinnu við skjólstæðinga sína.

Verjandinn Evfíletos hafði banað manni, Eratosþenesi, sem hafði haldið á laun við konu Evfíletosar. Þetta manndráp var löglegt samkvæmt fornum þenskum lögum hafi Evfíletos staðið elskhuga konu sinnar að verki. Aftur á móti var það ólöglegt hafi Evfíletos lagt á ráðin um að bana Eratosþenesi. Ættingjar Eratosþenesar kærðu Evfíletos og gáfu honum að sök að hafa lagt fyrir Eratosþenes snörur og ráðið honum bana af yfirlögðu ráði. Sennilega hefur þessari fornu lagaheimild ekki oft verið fylgt en oftast hefur eiginmaðurinn þegið miskabætur af brotamanninum. Málsvörnin, sem Lýsías samdi fyrir Evfíletos, er byggð á því að draga upp mynd af Evfíletosi sem einföldum og hreklausum manni sem hefði engin fyrri kynni haft af Eratosþenesi þessum. Því hafi hann brugðist við innan marka laganna. Um Evfíletos er ekkert vitað annað en það sem fram kemur í ræðunni. Var Eratosþenes sá hinn sami og verið hafði í hópi þrjátíu menninganna; sá sem Lýsías talaði gegn í 12. ræðunni, *Gegn Eratosþenesi?* Það er ekki vitað en fræðimenn hafa fært rök bæði með og á móti.⁷

Stíll Lýsíasar er umfram allt skýr, einfaldur og laus við óþarfa skrudmælg; hann er aldrei tilgerðarlegur. Lýsías leggur mikið upp úr því að skýra frá málavöxtum. Á ákveðnum stað í ræðunni víkur röksemdafærslan og ræðan verður að sögustund. Annað sem Lýsías leggur mikla áherslu á og var frægur fyrir er persónusköpun (ἡθοιοιία). Trúverðugleiki ræðunnar og þar með áhrif hennar á áheyrendur veltur á því að samræmi sé milli persónu ræðumannsins og inntaks ræðunnar. Því þarf að bregða upp trúverðugri mynd af ræðumanninum, haga máli og efnistöfum í samræmi við hana, helst án þess að eftir því sé tekið.⁸ Í þessu skarar Lýsías fram úr öðrum. Til dæmis má bera saman verjandann Evfíletos í 1. ræðunni og Mantiþeos í 16. ræðunni, *Til varnar Mantiþeosi*. Mantiþeos er ungur aðalmaður með óbilandi trú á sjálfum sér, eins ólíkur Evfíletosi og hugsast getur; vinnusömum smábónda í útjadhri Aþenuborgar sem hefur einungis gerst sekur um eftirlátssemi við unga eiginkonu sína. Þannig lýsir hann að minnsta kosti sjálfum sér í málsvörn sinni sem hér er þýdd.

7 Sjá Stephen Usher, *Greek Oratory: Tradition and Originality*, Oxford: Oxford University Press, 1999, bls. 55 nmgr. 6.

8 Sbr. Aristóteles, *Mælskulistin* I.2 1156a1–20.

Ræðunni vindur fram með hefðbundinni uppbyggingu réttar-ræðu. Skiptast þær alla jafna í fernt: inngang (προοίμιον), frásögn (διήγησις), rökstuðning (πίστεις) og niðurlag (ἐπίλογος). Í inngangi ræðunnar reynir sakborningurinn að skilgreina málið og höfða með einhverjum hætti til áheyrenda. Í þessu tilviki er málið greint sem afbrot af hálfu Eratosþenesar en Evfíletos sjálfur er brotþoli og hann höfðar til vandlætningar kviðdómaranna (1–5). Þeir ættu að reiðast Eratosþenesi, enda hafi glæpur hans verið grafalvarlegur og skyldi enginn bregðast við slíkum glæp með tómlæti. Næst er málavöxtum lýst (6–28), eins og fyrr segir, og er mikil áhersla lögð á lýsingu atburða og persónusköpun. Því næst er komið að rökstuðningi (29–46). Vitni eru kölluð fram til þess að styðja frásögnina, en vitnisburður þeirra er ekki hluti af varðveittum texta, ekki frekar en texti laganna sem lesinn var upp til þess að styðja fullyrðingar Evfíletosar um lögmæti athafna sinna. Hér þarf einnig að svara ásökunum kæranda og styðst Lýsías einkum við sennileikarök. Evfíletos biður áheyrendur að meta hvort frásögn hans af atburðarásinni sé ekki sennilegri en sú sem andstæðingar hans halda fram. Að lokum er málsvörnin tekin saman í niðurlagi (47–50).

Mikilvægasta handritið með ræðum Lýsíasar er 12. aldar handrit (X) sem heitir Palatinus Graecus 88. Þar eru ræður 1–31 en ræðum 1–2 í þessu handriti hefur verið bætt við síðar og hafa þær verið afritaðar úr öðru handriti en hinar ræðurnar. Auk þess að vera í handriti X og afritum af því, er 1. ræðuna að finna í þremur handritum frá 15. öld sem eiga ekki rætur að rekja til X en eiga sér sennilega öll sameiginlega fyrirmynd, beina eða óbeina, sem nú er týnd: Marcianus 122 (coll. 900) (H), Vaticanus Palatinus Graecus 117 (P) og Toletanus Bibl. Cap. 101.16 (To).

Grískri textinn kom fyrst út á prenti hjá Aldo Manuzzi í Feneýjum árið 1513. Í prentaðri útgáfu Henris Estienne, *Oratorum veterum orationes*, sem kom út í Genf árið 1575, var texta þessarar ræðu að finna á blaðsíðum 91–96; en þótt stephanusartöluna, sem kennd er við útgefandann, sé að finna á spássíum nær allra fræðilegra útgáfa textans er hana ekki að finna hér af því að hún er ekki lengur notuð til þess

að vísa til textans. Í þýðingunni er aftur á móti hefðbundinni skiptingu textans í tölusettar efnisgreinar haldið til haga enda er venjan að nota þær til þess að vísa til textans. Til dæmis kallar Evfíletos til vitni máli sínu til stuðnings í *Lýs.* I.29 og biður um að lesin séu upp lög af steininum á Aresarhæð í *Lýs.* I.30.

Um morðið á Eratosþenesi¹

1 Ég teldi miklu skipta, herrar mínir, að þið yrðuð mér slíkir dóm-
 arar um þetta mál sem þið væruð ykkur sjálfum ef þið hefðuð
 mátt þola annað eins. Því ég veit vel að ef þið skylduð vera sömu
 skoðunar um aðra menn og um ykkur sjálfa, þá væri enginn sem
 ekki myndi reiðast vegna þess sem hefur átt sér stað. Þvert á móti
 mynduð þið allir telja refsingarnar vægar til handa þeim sem stunda
 svona lagað. **2** Og ekki væri þetta einungis metið svo af ykkur,
 heldur um gervallt Hellas. Því varðandi þessa misgerð eina, jafnt í
 lýðræði sem undir fámennisstjórn, hefur sami hefndarrétturinn verið
 gefinn þeim sem eru minnimáttar gagnvart þeim sem mest mega
 sín, þannig að hinn lítilsverðasti borgari njóti jafnræðis á við þann
 besta. Þannig, herrar mínir, telja allir menn þennan ofstopa vera þann
 skelfilegasta. **3** Um þyngd refsingarinnar tel ég ykkur alla hafa sömu
 hugmynd og engan vera svo skeytingarlausan að hann telji að sýkna
 beri þá sem valda slíkum verkum eða að þeir verðskuldi væga
 refsingu. **4** Ég tel, herrar mínir, að mér beri að sýna fram á þetta: að
 Eratosþenes hafi verið að fleka konuna mína og að hann spillti henni
 og smánaði börnin mín og braut á mér sjálfum er hann kom inn á
 heimili mitt.² Auk þess ber mér að sýna að hvorki hafi verið nein
 óvild milli mín og hans að þessari undanskilinni, né hafi ég gert
 þetta fjárins vegna, til þess að ég gæti brotist úr fátækt og orðið

1 *Um morðið á Eratosþenesi* er 1. ræðan í ræðusafni Lýsíasar. Á frummálinu heitir hún ὑπὲρ τοῦ Ἐρατοσθένους φόνου ἀπολογία. Hefðbundinni skiptingu textans í tölusettar efnisgreinar er haldið til haga enda venjan að vísa til textans (t.d. Lýs. I.1). Svavari Hrafní Svavarsyni eru þakk-
 aðar gagnlegar ábendingar.

2 Í málsgreininni skiptir Lýsías um tíð. Síðasta sögnin (ἔβρισεν, „braut á“) er í aoristus, þátíð sem gefur til kynna aflokinn verknad. Sagnirnar tvær á undan (διέφθειρε, ἧσχυσε, „spillti ... smánaði“) geta ýmist verið í aoristus eða imperfectum eins og fyrsta sögnin (ἐμοίχουεν, „var að fleka...“) en það er þátíð sem gefur til kynna ólokinn verknad. Á því veltur einmitt málsvörn Evfíletosar að honum takist að sannfæra áheyrendur um að hann hafi staðið Eratosþenes að verki.

ríkur, né vegna neins annars ágóða en lögbundins hefndarréttar. 5 Ég mun þess vegna greina ykkur frá öllum mínum málum allt frá upphafi, undanskilja ekkert heldur segja ykkur sannleikann. Ég tel nefnilega að þetta sé eina bjargræði mitt, ef mér reynist mögulegt að segja ykkur allt sem hefur gerst.

6 Góðir Aþeningar! Þegar mér hugkvæmdist að kvænast og ég leiddi konu inn á heimili mitt, þá var því þannig farið hjá mér í þónokkurn tíma að ég hvorki atyrkti hana né gaf henni of lausan tauminn svo hún gæti gert hvað sem hana lysti. Ég reyndi að gæta hennar eins og mér var unnt og sinnti henni eins og hæfilegt var. Er mér fæddist sonur treysti ég henni þegar og lét allt mitt í hennar hendur, enda taldi ég að þetta væri hin besta sambúð. 7 Fyrst um sinn, kæru Aþeningar, var hún allra kvenna best. Hún var skörugleg húsfreyja, sparsöm og fylgdist grannt með öllu. En svo féll móðir mín frá og andlát hennar varð orsök allrar minnar ógæfu. 8 Því konan mín var viðstödd útför hennar þegar þessi maður kom auga á hana og áður en langt um leið hafði hann spillt henni, enda fylgdist hann með ambáttinni sem fer á markaðinn, færði henni skilaboð og leiddi hana í glötun.

9 Nú, í fyrsta lagi – því þetta þarf einnig að útskýra fyrir ykkur – þá á ég tveggja hæða hús og þegar kemur að vistarverum kvenna annars vegar og vistarverum karla hins vegar er efri hæðin jafnstór þeirri neðri.³ Þegar okkur fæddist sonur hafði móðir hans hann á brjósti. Og til þess að hún legði sig ekki í hættu við fara niður stigann þegar átti að baða drenginn, þá tók ég að mér að búa uppi en konurnar niðri. 10 Þetta vandist fljótt svo að konan mín fór oft frá mér niður til þess að hvíla hjá barninu og gefa því brjóst svo það gréti ekki. Svona var þetta um langa hríð en aldrei nokkurn tíma var ég tortrygginn. Raunar var ég slíkur einfeldningur að ég hélt að konan mín væri sú siðprúðasta af öllum í borginni. 11 En, herrar mínir, að einhverjum tíma liðnum kom ég óvænt af akrinum. Eftir matinn fór barnið að gráta og var óhuggandi en ambáttin hafði verið að espa það upp á laun til þess að það gerði þetta. Maðurinn var nefnilega inni í húsinu; seinna komst ég að öllu saman. 12 Ég skipaði konunni að fara niður og gefa barninu brjóst til þess að það hætti að gráta. Það vildi

3 Vistarverur kvenna voru alla jafna á efri hæð í tveggja hæða húsum.

hún ekki í fyrstu á þeim forsendum að hún væri glöð að sjá mig loksins kominn heim. En þegar ég reiddist og skipaði henni að fara sagði hún: „Já, til þess að þú getir reynt við stúlkuna þarna; þú hrifsaðir í hana einu sinni ölváður.“¹³ Ég hló bara en hún reis á fætur og gekk út og lokaði dyrunum á eftir sér. Hún lét eins og hún gerði að gamni sínu og dró í lás. Ég leiddi hugann ekkert að þessu, grunaði ekki neitt og lagðist glaður til hvílu af því að ég var kominn heim af akrinum. 14 Undir morgun kom hún og opnaði dyrnar. Þegar ég spurði hvers vegna marrað hefði í hurðinni um nóttina fullyrti hún að slokknað hefði á lampanum sem var hjá barninu og hún hefði fengið eld hjá nágrönnunum. Ég þagði og hélt að þannig hefði þetta verið. En mér virtist, herrar mínir, sem andlit hennar hefði verið farðað, þótt bróðir hennar hefði ekki enn verið látinn í þrjátíu daga.⁴ Eigi að síður sagði ég ekki heldur neitt um þetta og gekk út þegjandi og hljóðalaust.

15 Eftir þetta, herrar mínir, leið tími á milli og ég var grunlaus um eigin ógæfu en svo kemur til mín gömul kona nokkur. Hún hafði verið send af konu sem þessi maður flekaði, eins og ég fékk síðar að heyra. Sú var reið og taldi á sér brotið af því að hann leitaði ekki lengur til hennar með sama hætti. Hún fylgdist með honum þar til hún uppgötvaði hver ástæðan væri. 16 Sú gamla hafði vakandi auga með mér og kom svo til mín skammt frá heimili mínu og sagði: „Evfíletos, ekki halda að ég hafi komið til þín af neinni afskiptasemi. Svo vill til að maðurinn sem brýtur gegn þér og konu þinni er óvildarmaður okkar líka. Ef þú nærð tangarhaldi á ambáttinni – þessari sem fer á markaðinn og er ykkur innan handar – og pínir hana til svara áttu eftir að komast að öllu saman. Það er,“ sagði hún, „Eratosþenes frá Óe sem gerir þetta. Hann hefur ekki einungis spillt þinni konu heldur einnig mörgum öðrum. Hann kann nefnilega þá list.“ 17 Þetta sagði hún, herrar mínir, og lét sig hverfa. Ég varð strax órólegur. Allt kom aftur upp í huga mér og ég fylltist grunsemdum. Ég leiddi hugann að því þegar ég var læstur inni í herberginu og það rifjaðist upp fyrir mér að þessa nótt hafði marrað bæði í dyrum hússins og forgarðsins, sem hafði aldrei gerst, og að mér virtist sem konan

4 Hefðbundinn sorgartími var 30 dagar í Aþenu, öllu lengri en í Spörtu þar sem hann varði í ellefu daga. Á þrítugasta degi var haldin nokkurs konar efridrykkja, veisla til heiðurs hinum látna, en ekki þótti við hæfi gera sér glaðan dag fyrr en að þessum tíma liðnum.

mín hafi verið förðuð. Þetta kom mér allt í hug og ég fylltist grunsemðum. 18 Ég fór heim og skipaði ambáttinni að fylgja mér á torgið. Ég leiddi hana hins vegar til eins af vinum mínum og sagði að ég hefði komist að raun um allt sem hefði gerst á heimili mínu. „Já, þú hefur,“ sagði ég, „um tvennt að velja, hvort svo sem þú vilt heldur: annaðhvort að vera hýdd og send í mylluna og fá aldrei hvíld frá slíku böli⁵ eða leysa frá skjóðunni og segir allan sannleikann en þá þarft þú ekkert illt að þola, heldur færð fyrirgefningu mína fyrir það sem þú hefur gert af þér. Ljúgðu engu en segðu allan sannleikann!“ 19 Í fyrstu maldaði hún í móinn og bauð mér að gera hvað svo sem ég vildi – hún vissi nefnilega ekkert. En þegar ég minntist á Eratosþenes við hana og sagði að hann væri viðhald konunnar, þá varð hún furðu lostin og hélt að mér væri rækilega kunnugt um allt. Hneig hún þá að hnjám mínum og tók af mér loforð um að hún myndi ekkert illt þola. 20 Svo sakaði hún hann, í fyrsta lagi, um að hafa nálgast sig eftir útförina og sagði síðan að hún hefði að endingu komið skilaboðunum áleiðis og að konan mín hefði með tímanum látið sannfærast; og hvernig hún hefði með ýmsum ráðum greitt leið hans inn í húsið og að á Þesmófóruhátíð,⁶ meðan ég var á akrinum, hefði konan mín farið með móður hans í hofið. Og hún lýsti nákvæmlega og í smáatriðum öllu öðru sem gengið hafði á. 21 Er hún hafði sagt allt af létta sagði ég: „Jæja, þú skalt gæta þess að alls enginn frétti þetta; ef þú gerir það ekki, þá gildir ekkert af því sem ég hef fallist á. En ég fer fram á það að þú sýnir mér þetta í verki. Ég þarf ekki á sögu að halda, heldur að verknaðurinn verði afhjúpaður, ef þetta er með þessum hætti.“ Hún samþykkti að gera það.

22 Síðan liðu fjórir eða fimm dagar [...] eins og ég mun færa ykkur mikilsverðar sönnur um.⁷ En fyrst vil ég segja ykkur hvað gerðist á síðasta deginum. Sóstratos var félagi minn og vinur. Hann varð á vegi mínum þegar ég var að koma af akrinum við sólsetur. Af því að ég vissi að engan mat væri að hafa heima hjá honum ef hann

5 Vinna í myllu var líkamlega afar erfið. Auk þess var aðbúnaður og meðferð þræla í myllum, námum og öðrum slíkum vinnustöðum verri en víðast annars staðar. Þess vegna var það vont hlutskipti að vera sendur þangað.

6 Þesmófóruhátíð var þriggja daga haushátíð kvenna haldin til heiðurs Demetru og ein aðaltrúarhátíð Aþeninga til forna.

7 Hér er eyða í handritum.

kæmi á þessum tíma bauð ég honum að borða með mér.⁸ Við héldum heim til mín, fórum upp á eftir hæðina og snæddum kvöldverð. 23 Þegar hann hafði fengið vel að borða fór hann sína leið en ég lagðist til hvílu. En inn í húsið, herrar mínir, kemur hann Eratosþenes og ambáttin vakti mig strax og segir að hann sé inni. Ég sagði henni að sjá um dyrnar, geng niður þegjandi og hljóðalaust og fer út. Ég kom við hjá þessum og hinum; sumum náði ég ekki heima og komst að því að aðrir væru ekki í bænum. 24 En þegar ég hafði náð saman eins mörgum og ég gat af þeim sem voru heima gekk ég af stað. Við tókum kyndla frá nærliggjandi verslun og gengum inn en dyrnar voru opnar enda hafði ambáttin búið í haginn fyrir okkur. Við hrundum upp hurðinni að herberginu og við sem fyrstir gengum inn sáum manninn enn liggjandi við hlið konunnar minnar en þeir sem á eftir komu sáu hann standa nakinn í rúminu. 25 Herrar mínir, ég kýldi hann niður og felldi. Þegar ég hafði svo snúið upp á hendur hans aftur fyrir bak batt ég þær og spurði svo hvers vegna hann bryti gegn heimili mínu með því að koma þarna inn. Hann tók undir að hann hefði brotið af sér en grátbað mig og bar upp þá bón að ég dræpi hann ekki heldur þæði ég fjárgreiðslu. 26 En ég sagði við hann „Ekki mun ég drepa þig, heldur lög borgarinnar sem þú hefur farið á svig við og virt minna en þínar eigin nautnir. Þú hefur valið að fremja svona glæp gegn konunni minni og gegn börnunum mínum frekar en að hlýða lögum og haga þér sómasamlega.“

27 Þannig, herrar mínir, hlaut þessi maður þau málagjöld sem lögin segja fyrir um til handa þeim sem breyta svo. Ekki var hann gripinn á götu úti né heldur hafði hann flúið á náð eldstæðisins, eins og þessir menn hérna segja.⁹ Því hvernig mætti það vera? Maður sem var laminn í svefnherberginu og strax felldur, hendur hans bundnar! Og þarna inni var svo margt um manninn; ekki gat hann flúið og hann hafði hvorki hníf né staf eða neitt annað sem hann hefði getað

8 Margir þýðendur fylgja hér Immanuel Bekker, sem leiðrétti textann og prentaði *οὐδένα ... τῶν ἐπιτηδείων* („engan úr fjölskyldunni“). Öll handrit hafa aftur á móti *οὐδέν ... τῶν ἐπιτηδείων* („engar nauðþurftir“) og er því fylgt hér. Evfíletos kveðst því hafa búið Sóstratosi í mat af því að heima hjá Sóstratosi væri ekkert í matinn svo seint um kvöld en ekki af því að heima hjá Sóstratosi væri engan að finna.

9 Eldstæðið eða arinninn (*ἑστία*, *bestia*) var hjarta heimilisins og að nokkru leyti helgur staður og hafði verið allt frá því á bronsöld. Eldstæði var einnig að finna í hofum guðanna og í ráðhúsinu (*prytaneion*) þar sem stjórn borgaríkisins hafði aðsetur. Leitustu menn gríða við eldstæði ýmist heimilis eða hofs þegar svo bar undir. Gyðjan Hestía er að uppruna persónugervingur eldstæðisins.

notað til að halda þeim frá sem komu inn. 28 En ég held, herrar mínir, að þið vitið líka að þeir sem haga sér ekki réttlátlega viðurkenni aldrei að andstæðingar þeirra séu að segja satt. Á hinn bóginn ljúga þeir sjálfir og beita þess háttar brellum til þess að kynda undir reiði áheyr- enda sinna gegn þeim sem haga sér réttlátlega. Lesið þá fyrst lög:

{lög}

29 Hann andmælti þessu ekki, herrar mínir, heldur viðurkenndi að hafa brotið af sér og grátbað um og fór þess á leit að hann yrði ekki drepinn og var reiðubúinn að láta fé af hendi rakna. En ég samþykkti ekki skaðabætur hans. Aftur á móti taldi ég að lög borgarinnar væru gildari og ég lét hann sæta þessari refsingu sem þið hafið fyrirskipað handa þeim sem breyta á þennan hátt af því að þið hafið talið hana vera þá réttlátustu. Leiðið þá fram vitni um þetta:

{vitni}

30 Lestu einnig fyrir mig þessi lög af steininum á Aresarhæð.

{lög}

Þið heyrið, herrar mínir, að í sjálfum dómstólnum á Aresarhæð – en bæði heyrir honum til samkvæmt hefðinni að dæma í morðmálum og honum er einnig gefið það hlutverk á okkar dögum – er alveg sérstaklega tekið fram að ekki skuli dæma þann mann sekan um morð sem tekur sér þennan hefndarrétt þegar hann hefur hendur í hári friðils eiginkonu sinnar. 31 Já, svo mjög taldi löggjafinn að þetta væri réttlátt í tilfelli giftra kvenna að hann lét þessi sömu viðurlög gilda um hjákonur, sem eru minna verðar. Það er alveg ljóst að ef hann hefði haft einhvern hefndarrétt sem tæki þessum fram í tilviki giftra kvenna, þá hefði hann gripið til hans. En af því að honum er nú ekki mögulegt að finna neina þyngri refsingu í tilviki þessara kvenna, mat hann mátulegt að refsingin yrði sú sama og í tilviki hjá- kvenna. Lestu fyrir mig þessi lög líka.

{lög}

32 Þið heyrið, herra mínir, að lögin fyrirskipa að ef einhver nauðgar frjálsum manni eða dreng, þá skal honum gert að greiða tvöfaldar skaðabætur.¹⁰ En ef hann nauðgar konu – í þeim tilvikum þegar leyfilegt er að dæma til dauða – þá skal hann vera undir sömu sök seldur. Þannig, herrar mínir, taldi löggjafinn að nauðgarar verðskulduðu vægari refsingu en flagarar; hann kveður upp dauðadóm yfir þeim síðarnefndu en gerir hinum fyrrnefndu að greiða tvöfaldar bætur. 33 Þetta er af því að hann telur að þeir sem beita ofbeldi séu hataðir af þeim sem verða fyrir ofbeldinu en þeir sem á hinn bóginn beita sannfæringu spilli þannig sálum þeirra með þeim afleiðingum að þeir gera annarra manna konur fylgispakari við sig en við eiginmenn sína. Allt heimilið verður á þeirra valdi og óljóst er hvorum börnin tilheyra, eiginmönnum eða friðlum. Vegna þessa lét löggjafinn dauðann vera refsingu þessum mönnum.

34 Þess vegna, herrar mínir, sýkna lögin mig ekki einungis af því að hafa brotið af mér, heldur hafa þau beinlínis skipað mér að grípa til þessarar refsingar. Það er ykkar að ákveða hvort lögin eigi að vera gild eða einskis verð. 35 Því ég tel að allar borgir setji lög af þessum sökum, til þess að við getum leitað í lögin og séð hvað við eigum til bragðs að taka í þeim málum sem vefjast fyrir okkur. Og í þessum málum fyrirskipa lögin þeim sem hafa orðið fyrir ranglæti að grípa til refsingar af þessu tagi. 36 Ég fer þess á leit við ykkur að þið hafið sömu skoðun og þau. En ef ekki, þá skapið þið friðlum slíka friðhelgi að þið munuð hvetja meira að segja innbrotspjófa til þess að segjast vera friðlar, vitandi ósköp vel að ef þeir segja að þetta hafi verið ástæðan og ef þeir segja að þeir hafi þess vegna farið inn á annarra manna heimili muni enginn snerta þá. Allir munu þá vita að það þurfi að sjá á bak lögunum um hórdóm en óttast úrskurð ykkar því hann er gildastur alls í borginni.

10 Hér er sennilega um að ræða tvöfaldar skaðabætur miðað við nauðgun á ófrjálsum manni, þræl eða ambátt. Í *Ævisögu Sólon*s eftir Plútarkos (*Sol.* 23.1) kemur fram að Sólon hafi snemma á 6. öld f.o.t. sett lög í Aþenu um að eiginmanni, sem gómaði annan mann með eiginkonu sinni, væri heimilt að drepa friðilinn; aftur á móti væri 100 drökmú sekt við því að nauðga ógíftri frjálstri konu og 20 drökmú sekt við því að draga hana á talar án ofbeldis. Undanskildar þessum lögum voru vændiskonur.

37 Íhugið þetta, herrar mínir: Þeir ákæra mig á þeim forsendum að á þessum degi hafi ég skipað ambáttinni minni að sækja unga manninn. Ég lít svo á, herrar mínir, að ég hefði gert rétt með því að hafa hendur í hári þess manns sem spillt hefði konunni minni með hvaða ráðum sem er. 38 (Ef ég skipaði henni að sækja hann eftir að hafa heyrt sögur en ekkert hefði gerst, þá beitti ég ranglæti. En ef ég tæki hann með hvaða ráðum sem er eftir að allt saman hefði þegar náð fram að ganga og hann hefði oft og tíðum komið inn á heimili mitt, þá teldi ég mig breyta hyggilega.) 39 Íhugið svo þetta, að þeir skrökva einnig þessu og það getið þið auðveldlega vitað af eftirfarandi ástæðu: Ég á nefnilega vin, herrar mínir, að nafni Sóstraton – eins og ég nefndi áðan – og er hann mér náinn. Eftir að hafa hitt hann á leiðinni heim af akrinum um sólarlagsbil snæddum við kvöldverð saman og þegar hann hafði fengið nóg hélt hann sína leið. 40 Takið nú þetta fyrst til rækilegrar skoðunar, herrar mínir. Ef ég væri að reyna að leggja snörur fyrir Eratosþenes þessa nótt, hefði þá ekki verið betra fyrir mig að borða sjálfur annars staðar heldur en að taka hann með mér heim til þess að borða? Því þannig hefði þessi náungi síður þorað að koma inn á heimilið. Þykir ykkur síðan sennilegt að ég hefði sent matargestinn burt og orðið eftir einn og yfirgefinn frekar en að biðja hann um að vera áfram til þess að hann gæti komið fram hefndum á friðlinum með mér? 41 Herrar mínir, sýnist ykkur ekki síðan að ég hefði sent boð til féлага minna um daginn og beðið þá að koma saman á heimili vinar skammt frá frekar en að hlaupa um að næturlagi um leið og mér var gert viðvart, ekki vitandi hvern ég fyndi heima við og hver væri úti? Ég fór til Harmódíósar og einhvers annars en þeir voru ekki í bænum (ég vissi það ekki) og ég komst að raun um að aðrir væru ekki heima við. En ég safnaði saman þeim sem ég gat og við gengum af stað. 42 Hefði ég samt vitað fyrir fram, haldið þið ekki að ég hefði haft þrælana tilbúna og komið skilaboðum til vina minna til þess að geta farið inn á sem öruggastan hátt? (Hvernig átti ég að vita hvort hann hefði líka eitthvert eggvopn?) Já, til þess að ég framfylgdi hefndar-réttinum með sem flestum vitnum? En nú vissi ég ekkert um það sem átti eftir að gerast þessa nótt og tók með mér þá sem ég gat. Stígið fram sem eruð til vitnis um þetta.

{vitni}

43 Herrar mínir, þið hafið heyrt frá vitnunum. Veltið nú þessu máli fyrir ykkur á þessa leið: Grennslist fyrir um það hvort milli mín og Eratosþenesar hafi nokkurn tíma andað köldu að þessu undanskildu. Þið munuð engan finna. 44 Því hann hafði ekki veist að mér með falsákæru né hafði hann gert tilraun til þess að gera mig brottrækan úr borginni eða höfðað einkamál gegn mér og ekki var honum kunnugt um neitt það ódæði af minni hálfu sem ég myndi vilja drepa hann fyrir af ótta við að upp kæmist. Og ef ég hefði komið þessu til leiðar ætti ég ekki heldur von á að fá neina peninga. Sumir menn leggja nefnilega á ráðin um dauða hver annars slíkra hluta vegna. 45 Því fer svo fjarri að það hafi kastast í kekki milli okkar, okkur hafi annaðhvort lent saman í ölæði eða einhver annar ágreiningur risið okkar á milli þar sem ég hafði aldrei nokkurn tíma litið manninn augum fyrr en þessa nótt. Hverju var ég þá að vonast eftir þegar ég lagði mig í slíka hættu, ef ég hefði ekki orðið fyrir barðinu á hinu alversta ranglæti af hans hálfu? 46 Hefði ég síðan framið niðingsverk eftir að hafa sjálfur kallað saman vitnin þegar ég hefði getað haldið því leyndu fyrir þeim ef ég vildi drepa manninn ranglátlega?

47 Ég lít svo á, herrar mínir, að þessum hefndarrétti hafi ekki verið beitt einkalega í mína eigin þágu, heldur í þágu allrar borgarinnar. Ef þeir sem breyta svona sjá hver launin eru fyrir óhæfuverk af þessu tagi, þá muni þeir síður brjóta af sér gegn öðrum ef þeir sjá líka að þið eruð sömu skoðunar. 48 En ef ekki, þá væri miklu betra að fella úr gildi núverandi lög og setja önnur; einhver lög sem refsa með viðurlögum þeim mönnum sem gæta eiginkvenna sinna, en veita talsverða friðhelgi þeim sem sækjast eftir að brjóta gegn konunum. 49 Því þannig væri það miklu réttlátara en að láta borgarana ganga í gildru laganna, sem annars vegar fyrirskipa að ef einhver gómar friðil geri hann það sem hann langar við hann en hins vegar reynist svo réttarhöldin öllu hættulegri þeim sem brotið var á heldur en þeim sem í trássi við lögin smána annarra manna konur. 50 Því nú er ég í hættu staddur bæði hvað varðar líkama minn og fjármuni og allt annað, af því að ég hlýddi lögum borgarinnar.

Geir Þ. Þórarinsson þýddi úr grísku